Viðtakandi: Menningarráð
Sendandi: Meirihluti mennningarráðs

Reykjavík, 11. nóvember 2026
MIR26100026

TILLAGA

Tillaga um úttekt á starfsemi og framtíðarþróun Borgarbókasafns Reykjavíkur

Lagt er til að menningar- og íþróttasviði verði falið að gera úttekt á starfsemi og þjónustu Borgarbókasafns Reykjavíkur með það að markmiði að efla og þróa bókasafnsþjónustu borgarinnar áfram í takt við þarfir íbúa.

Úttektin verði unnin af sviðinu innan fjárheimilda þess og taki til eftirfarandi þátta:

Staða og nýting þjónustunnar. Aflað verði upplýsinga um starfsemi einstakra safna, aðsókn, útlán, opnunartíma, mönnun, fjölbreytni þjónustunnar og nýtingu fjármuna. Þjónustan verði borin saman við sambærileg norræn borgarbókasöfn, eftir því sem samanburðarhæf gögn liggja fyrir. Jafnframt verði nýttar fyrirliggjandi kannanir til að varpa ljósi á þarfir og viðhorf bæði notenda og þeirra sem nýta ekki þjónustuna. Einnig verði skoðað aðgengi íbúa að bókasafnsþjónustu eftir hverfum og hvernig þróun byggðar kann að hafa áhrif á þjónustuþörf til framtíðar.

Húsnæði og aðstaða. Metið verði ástand húsnæðis safnanna með tilliti til viðhalds, aðgengis, öryggis, stærðar, lýsingar, hljóðvistar og skipulags rýma, bæði fyrir gesti og starfsfólk, og lagt mat á viðhaldsþörf.

Bókakostur, lestur og læsi. Skoðuð verði þróun útlána eftir aldurshópum, með sérstakri áherslu á börn og ungmenni, framlög til bókakaupa og aðgengi að fjölbreyttum bókakosti, þar á meðal rafbókum, hljóðbókum og efni á öðrum tungumálum en íslensku. Jafnframt verði skoðað hvernig söfnin þjóna börnum og fullorðnum af erlendum uppruna og hvernig styðja megi við lestur og læsi.

Menningar- og viðburðastarf. Kortlagt verði umfang, þátttaka og fjölbreytni viðburða og námskeiða, og hvernig starfið styður við samfélagslegt hlutverk safnanna.

Samstarf við aðra starfsemi borgarinnar. Kannaðir verði möguleikar á auknu samstarfi meðal annars með skólabókasöfnum og öðrum menningar-

og fræðslustofnunum. Tekið verði mið af greiningu skóla- og frístundaráðs á stöðu skólabókasafna, sem nú er í vinnslu. Ef hún liggur ekki fyrir þegar skýrslu er skilað tilgreini skýrslan hvaða þættir bíða hennar.

Við vinnuna verði meðal annars byggt á stefnu Borgarbókasafnsins fyrir árin 2025–2028 og þeirri aðgerðaáætlun sem henni fylgir. Með því verði unnt að nýta þá vinnu sem þegar hefur farið fram, meta stöðu einstakra verkefna og skoða hvaða frekari tækifæri eru til að þróa og efla þjónustuna.
Samráð. Haft verði samráð við stjórnendur og starfsfólk Borgarbókasafnsins, fagfólk á sviði bókasafns- og upplýsingafræði, notendur safnanna og aðra hagaðila eftir því sem við á. Leitað verði hugmynda og lausna sem byggja á þekkingu og reynslu þeirra sem nýta og veita þjónustuna.
Skil. Sviðið skili menningarráði skýrslu með niðurstöðum og tillögum að þróun og hugmyndum innan fjögurra mánaða frá samþykkt tillögunnar.

Greinargerð

Borgarbókasafn Reykjavíkur er ein af mikilvægustu menningarstofnunum borgarinnar og gegnir stóru hlutverki í daglegu lífi borgarbúa. Söfnin bjóða upp á mun meira en bækur: þau eru samkomustaðir þar sem fólk á öllum aldri sækir viðburði, lærir, hittir annað fólk eða nýtur kyrrðar. Þau eru jafnframt mikilvægur vettvangur fyrir menningu, fræðslu, lestur og samfélagslega þátttöku.

Nýr meirihluti í borgarstjórn tók við nú í vor og hefur síðan lagt áherslu á að skoða ýmsa þætti menningarstarfsemi borgarinnar með það að markmiði að efla hana og þróa til framtíðar. Tillaga þessi er hluti af þeirri vinnu. Markmiðið er að kanna hvort starfsemi og þjónusta Borgarbókasafnsins virki eins vel og kostur er, hvar megi gera betur og hvernig fjármunir og aðstaða nýtist best í þágu þjónustunnar.

Brýnt er að skoða aðstöðu og húsnæði borgarbókasafnanna og mikilvægt að hlúa að þjónustunni og tryggja að aðstaða og starfsemi safnanna mæti þörfum borgarbúa.
Úttektin tekur til stöðu og nýtingar þjónustunnar, húsnæðis, bókakosts og læsis, menningarstarfs og samstarfs við aðra starfsemi borgarinnar. Sérstök áhersla er lögð á börn og ungmenni, á aðgengi að fjölbreyttum bókakosti og á þjónustu við íbúa af erlendum uppruna.

Niðurstöður úttektarinnar verða ræddar í menningarráði og samráð haft við starfsfólk og notendur áður en gerðar verða tillögur til úrbóta. Úttektin verði unnin í góðu samráði við þau sem þekkja safnastarfið best, með það að markmiði að byggja á því góða starfi sem þegar er unnið.